

## Greinargerð.

Gerð er breyting á aðalskipulagi þéttbýlis í Grundarfirði. Breytingin er fólgin í að stækka hesthúsasvæði vestast í bænum sem nú er um 3 ha í 9 ha. Við það breytist um 6 ha óbyggt svæði í opið svæði til sérstakra nota. Á síðustu áratugum hafa verið reist 10 hesthús á svæðinu ásamt félagsheimili hestamanna og gengið hefur verið frá hringvelli og skeiðbraut. Núverandi svæði er fullnýtt og þörf er á fjölgun hesthúsa, viðbyggingu við félagsheimili og uppbyggingu reiðhallar. Gert er ráð fyrir að svæðið teygji sig til norðurs og austurs. *Aðkomu að svæðinu var breytt 23. nóvember 2011 vegna athugasemda frá hestamönnum. Haft var samráð við Vegagerðina varðandi breytinguna og liggur fyrir samþykki Vegagerðarinnar.* Breytingar þessar hafa í för með sér óverulega breytingu á legu reiðleiða.

Bæjarstjórn telur mikilvægt að gera hestamönnum kleift að stunda tómstundastarf sitt við bæjarmörkin. Staðsetning í tengslum við þéttbýlið eykur líkur á að börn geti stundað hestamennsku. Milli íbúðarbyggðar og hesthúsasvæðis verði minnst 200 m breitt opið svæði svo komist verði hjá ónæði og lyktarmengun frá hesthúsasvæði.

Haft var samráð við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, m.a. varðandi hreinsun og er mælt með lokuðum hauggámum við ný hús. Í deiliskipulagi verði ákvæði um að við hvert nýtt hús verði lokað haugstæði með drenlagn eða lokaður hauggámur og unnið verði að úrbótum við eldri hús. Staðið verði vel að hreinsun til að draga úr hættu á lyktarmengun. Varðandi hreinsun skal fara að ákvæðum reglugerða um meðhöndlun úrgangs. Grundarfjararbær mun gera samþykkt um hreinsun og umgengni sem geti verið strangari en reglugerðir, ef þurfa þykir.

Við gerð aðalskipulags Grundarfjarðar fór fram skráning fornminja og er rúst númer 29 er neðan svæðis Fákafells. Að höfðu samráði við Minjavörð Vesturlands skal sýna hana í deiliskipulagi og setja inn skýr ákvæði varðandi hugsanlegar fornminjar. Ekki er kunnugt um aðrar fornminjar á svæði Fákafells. Komi annað í ljós skal framfylgja 10. og 13. gr. Þjóðminjalaga.


Yfirbragð hesthúsa verði í takt við stærðir og form núverandi hesthúsa. Reiðhöll verði felld að lægð í landi til að draga úr hæðarvirkni hennar. Skýr ákvæði skulu vera í deiliskipulagi um hámarks grunnflöt og hæstu leyfilegu hæð. Nýtingarhlutfall á svæðinu í heild verði ekki hærra en 0.3.

## Umhverfisáhrif áætlunar:

Með aðalskipulagsbreytingu þessari verður tryggt að hestamennska geti þróast áfram við bæjardyrnar. Í bæ á stærð við Grundarfjörð er jákvætt, að þeir sem haldi dýr geti haft þau í tengslum við heimili sitt innan göngufjarlægðar.


Áframhaldandi uppbygging á hesthúsasvæðinu hefur staðbundin áhrif í för með sér. Ekki er um umtalsverð áhrif fyrir samfélagið að ræða. Reiðhöll bætir verulega möguleika til þjálfunar og virkrar hestamennsku á svæðinu. Stærð og umfang reiðhallar er meira en aðlægra bygginga og er því lögð áhersla á að fella hana í lægð í landi til að draga úr hæðarvirkni hennar.

Vanda skal frágang og stuðla að góðri umgengni á svæðinu. Vegna nálgæðar við þéttbýli er gert ráð fyrir að Grundarfjarðarbær geti sett strangari reglur um umgengni og hreinsun en kveðið er á um í reglugerðum.



Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015, fyrir breytingu 1 : 10.000

- SKIPULAGSMÖRK
- ÍBÚÐARSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUÐOFNANIR
- MIDSVÆÐI
- ÍÐNADARSVÆÐI
- HAFNARSVÆÐI
- OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- ÓBYGGÐ SVÆÐI
- LANDBÚNADARSVÆÐI
- EFNISTÖKUSVÆÐI
- RAFVEITA
- VATNSVEITA
- FRÁVEITA
- HVERFISVERND
- SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ SBR. BRÁÐABIRGÐAHÆTTUMAT DAGS. 30.07.1998
- ÞJÓÐMINJAVERNÐARSVÆÐI
- VATNSVERNÐARSVÆÐI, BRUNNSVÆÐI
- VATNSVERNÐARSVÆÐI, GRANNSVÆÐI
- REIÐSTÍGAR
- GÖNGUSTÍGAR



Aðalskipulag Grundarfjarðar 2003-2015, eftir breytingu 1 : 10.000

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann

dagsetning

undirskrift

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

dagsetning

undirskrift

Aðalskipulagsbreyting þessi er samþykkt með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Deiliskipulag Fákafells er auglýst samhliða auglýsingar á breytingu aðalskipulags.

## Tillaga til auglýsingar BREYTING Á AÐALSKIPULAGI GRUNDAFJARÐAR 2003 - 2015. HESTHÚSASVÆÐI FÁKAFELLS. Mælikvarði 1 : 10.000.

HÚS OG SKIPULAG ehf, BOLHOLTI 8, 105 REYKJAVÍK, SÍMI 511 1099 og 8947040, husk@husk.is  
Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.Í. kt.080654-4219

Sverrir Ásgeirsson hönnuður

Dags. 21.09.2011.

Texta um samráð breytt vegna athugasemda Skipulagsstofnunar 09.11.2011.

Aðkomu breytt vegna aths. hestamanna, samráð við Vegagerð, 23.11.2011.